

6. gr.

137

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli, 26. sept.

Bráðabirgðaákvæði.

Vörur þær sem komnar eru í skip í erlendum höfnum áleiðis hingað, þegar reglugerð þess öðlast gildi, má flytja inn á sama hátt og verið hefir.

Fjármálaráðuneytið, 26. september 1934.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

REGLUGERÐ

138

um viðauka við reglugerð um innflutning o. fl. frá 26. sept. 1934.

6. des.

Samkvæmt bráðabirgðalögum frá 8. marz 1934, um gjaldeyrisleyfi, innflutning o. fl., er hér með sett eftirfarandi reglugerð.

1. gr.

Aftan við 1. gr. í reglugerð um innflutning o. fl. frá 26. sept. 1934 bætist: X. flokkur.

Kaffi, brennt og óbrennt, sykur allskonar.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Vörur þær, sem komnar eru í skip í erlendum höfnum áleiðis hingað, þegar reglugerð þessi öðlast gildi, má flytja inn á sama hátt og verið hefir.

Fjármálaráðuneytið, 6. desember 1934.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.